

Edgar Wallace (1875–1932)

Richard Horatio Edgar Wallace eða bara Edgar Wallace eins og hann kallaði sig var enskur rithöfundur, blaðamaður og handritshöfundur sem skrifaði 175 skáldsögur, 24 leikrit og fjölda greina í blöð og tímarit. Þá er búið að gera vel á annað hundruð kvikmyndir eftir sögum hans og er enn að bætast við þá tölu. Munu það vera fleiri kvikmyndir en gerðar hafa verið eftir sögum nokkurs annars höfundar. Til marks um vinsældir hans, þá vildi einn útgefandi bóka hans meina að fjórðungur allra bóka sem lesnar voru á Englandi á þriðja áratug 20. aldar væru eftir hann. Í dag er Wallace kannski helst kunnur fyrir að hafa í samvinnu við Draycott Dell skrifað handritið að fyrstu kvikmyndinni um King Kong sem og smásöguna sem handritið og síðar skáldsagan byggir á. Með þekktum bókum eftir Wallace má nefna *The Four Just Men*, *The Ringer* og *The Door with the Seven Locks* (*Dyrnar með lásunum sjö*).



Edgar Wallace fæddist í London 1. apríl árið 1875. Foreldrar hans voru leikarar, Richard Horatio Edgar (sem vissi reyndar aldrei af tilvist hans) og Mary Jane Blair. Mary hafði misst mann sinn árið 1868 og átti eina dóttur fyrir þegar hún varð ófrísk af Edgar eiginlega fyrir slysi.

Störfuðu þau Richard bæði hjá sama leikflokki sem rekinn var af móður Richards. Til að forðast hneyksli lét Mary engan vita af óléttunni og fékk leyfi um tíma frá hópnum til að geta eignast barnið í kyrriþey. Það hún ljósmóðurina sem stundaði hana að finna fyrir sig fólk sem væri tilbúið að fóstora soninn strax eftir fæðingu gegn greiðslum. Fyrir valinu varð vinkona ljósmóðurinnar Clara Freeman og maður hennar George, en fyrir áttu þau tíu börn. Kom Mary því þannig fyrir að hún gæti heimsótt son sinn reglulega. Átti Edgar þar ánægjulega æsku og tengdist fósturmóður sinni Clöru Freeman sterkum böndum. Þá var fósturfaðir hans, George heiðvirður og góður maður. Sá þau til þess að Edgar fengi góða menntun.

Faðir Edgars sem nú var giftur flutti árið 1878 til Skotlands og eignaðist þar börn. Einn hálfbróðir Edgars varð kunnur leikari, skáld og handritshöfundur.

Skömmu eftir fæðingu Edgars fór að halla undir fæti hjá móður hans, en með aldrinum minnkaði eftirspurnin eftir kröftum hennar sem leikara. Brátt var svo komið að hún gat ekki greitt Freemans hjónunum fyrir að fóstora soninn. Sá hún ekki annað ráð en að reyna koma Edgar fyrir á stofnun, en fósturforeldrar hans tóku það ekki í mál og sögðust vilja fóstora hann

áfram hvað sem öllum greiðslum liði. Var það úr að hann bjó áfram hjá þeim, en eitthvað lagðist þetta illa í móður hans sem heimsótti son sinn ekki eftir það.

Eftir að hafa lokið almennu námi reyndi Edgar fyrir sér við ýmiss konar störf en entist hvergi lengi. Loks ákvað hann að ganga í herinn og var sendur til Suður-Afríku.

Edgar hafði aldrei fengið að vita að hann ætti systur og systir hans Josphine hafði heldur ekki haft hugmynd um tilvist hans. En þegar systir hans giftist og eignaðist barn ákvað móðir Edgars að segja henni frá honum. Þær urðu þó sammála um að segja honum ekki frá því hver faðir hans væri, því það hefði engan tilgang. Ekki varð úr að Edgar kynntist þessari systur sinni, því hún lést snögglega árið 1894 einungis 25 ára gömul.

Edgar þótti hermennskan leiðinleg og fékk sig lausan úr henni við fyrsta tækifæri. Sérstaklega leiddist honum allt það líkamlega erfiði sem hermennskan krafðist. Árið 1898 gerðist hann stríðsfréttaritari í Búastríðinu fyrir Daily Mail. Það var þá sem hann tók upp nafnið Edgar Wallace. Samhliða því sem hann skrifaði um stríðið fékk hann nú fastan dálk í blaðinu þar sem hann hafði frjalsari hendur í skrifum sínum. Varð dálkur Wallace brátt mjög vinsæll meðal lesenda blaðsins. Þótti hann óvæginn í skoðunum sínum á menn og málefni og að beiðni ríkisstjórnarinnar var hann látinn hætta að skrifa fréttir af Búastríðinu vegna gagnrýni hans á aðfarir Breta þar.

Á þessum tíma kynntist hann ungri stúlku, Ivy Maude Caldecott og felldi hug til hennar. Faðir hennar var prestur og vildi ekkert af Edgar vita. Það varð þó úr að Edgar giftist Ivy og þau hófu búskap. Árið 1900 eignuðust þau sitt fyrsta barn, Eleanor Clare Hellier Wallace. Skömmu síðar færði hann sig um set og gerðist ritstjóri blaðsins Rand Daily Mail. Við það jukust tekjur hans umtalsvert og framtíðin virtist björt. Lífðu þau hjónin nokkuð hátt, en svo fór allt á verri veg og hann missti vinnuna. Stuttu síðar, árið 1902, urðu þau fyrir því að dóttir þeirra Eleanor lést einungis tveggja ára gömul úr heilahimnubólgu. Var þetta þeim mikið áfall og í kjölfarið gat Ivy ekki lengur hugsað sér að búa í Jóhannesborg.

Nú voru góð ráð dýr því Edgar var skuldum vafinn og hafði enga vinnu. Það var þó úr að Edgar keypti fyrir þau farmiða með skipi til Englands. Lét hann Ivy ekkert vita af fjárhagsstöðu þeirra og við komuna til Englands átti hann einungis skiptimyntina í vasanum.

Hélt hann nú racleitt á höfuðstöðvar Daily Mail og falaðist eftir vinnu. Var það úr að þeir réðu hann sem undirritstjóra. Ekki voru launin há og Edgar lifði um efni fram og safnaði skuldum. Þá fóru skuldunautar frá Jóhannesborg að gerast aðgangsharðir.

Árið 1903 hafði móðir Edgars, sem hann hafði ekki séð frá því hann var pínulítill og mundi lítið eftir, samband við hann. Hún var nú orðin 60 ára gömul, atvinnulaus og mikill sjúklingur. Var hún að vonast eftir að hann gæti veitt henni einhvern fjárhagslegan stuðning. Edgar lét hana fá einhver pund en vildi annars ekkert meira hafa af henni að segja. Var það ólíkt honum, því hann var oftast greiðvikinn og vildi öllum vel. Má ætla að erfið fjárhagsstaða hans

sjálfs hafi átt einhvern þátt í viðbrögðum hans og þá var hann enn ekki búinn að jafna sig á barnsmissinum. Móðir hans tók höfnuninni með jafnaðargeði og notaði þessi örfáu pund sem Edgar hafði látið henni í té til að kaupa lestarmiða til Bradford, þar sem hún tók sótt og lést nokkrum dögum síðar.

Edgar iðraðist strax framkomu sinnar við móður sína og auk þess átalði Ivy hann harðlega fyrir hana. Var hann ákveðinn í að hafa upp á henni um leið og hann hefði tíma og bæta fyrir þetta. Það var þó ekki fyrr en fimm árum síðar (1908) að hann frétti að hún væri dáin.

Ári síðar (1904) varð Ivy ólétt aftur. Að þessu sinni fylgdi því engin hamingja því hún var ekki búin að jafna sig á dauða Eleanor. Á sama tíma hélt Edgar til Evrópu þar sem hann átti að fjalla um stríðið milli Japana og Rússa (1904-1905). Meðan hann dvaldi á Balkanskaganum komst hann í kynni við breska og rússneska nýsnera sem varð til þess að hann fékk hugmynd að sögunni *The Four Just Men*, sem varð fyrirmynd margra slíkra sagna.

Þegar hann sneri aftur heim hafði Ivy fætt þeim soninn Bryan. Ekki varð samfundur þeirra hjóna þó langur að þessu sinni, því Ivy hélt nánast strax utan til Suður-Afríku að heimsækja móður sína sem var orðin lasin og taldi sig vera við dauðans dyr. Vildi hún fá að sjá barnabarn sitt áður en hún dæi.

Meðan Ivy var í Suður-Afríku lauk Edgar við að skrifa söguna *The Four Just Men*, en erfiðara gekk að fá útgefanda að henni. Að lokum stofnaði hann sitt eigið útgáfufyrirtæki Tallis Press og gaf hana út. Til að auglýsa bókina bauð hann upp á verðlaunagetraun í blaðinu (Daily Mail) þar sem vegleg verðlaun voru í boði. Gáði hann ekki að því að takmarka verðlaunin við einhvern fjölda og því áttu allir sem sendu inn rétta lausn rétt á verðlaunum. Því var það að þrátt fyrir að bókinn seldist gríðarlega vel að blaðið varð að greiða offjár í verðlaunafé. Varð þetta og fleiri slík axarsköft til þess að Wallace var á endanum látinn fara frá blaðinu.

Nú stóð Edgar aftur uppi slyppur og snauður og atvinnulaus í þokkabót. Og ekki bætti úr að Ivy hafði fætt honum dótturina Patriciu svo það var fyrir fleirum að sjá. Varð fjölskyldan að flytja um set og setjast að í fátækrahverfi. Var þetta erfitt fyrir fjölskylduna og brestir tóku að myndast í hjónabandinu.

En nú barst hjálp úr óvæntri átt. Frú Isabel Thorne, ritstjóri ekki mjög þekktis tímarits, fór þess á leit við Wallace að hann skrifaði rómantískar sögur í blaðið. Í kjölfarið fór Wallace að skrifa sögurnar um Sanders sem að lokum voru gefnar út í bókinni *Sanders of the River*. Urðu sögurnar mjög vinsælar.

Næstu tíu árin (1908–1918) skrifaði hann fjöldann allan af sögum og með því gat hann séð sér farborða, en einungis rétt svo, því hann skuldaði mikið. Seldi hann réttinn af mörgum sögunum fyrir lítið fé einungis til að greiða brýnustu skuldir.

Árið 1908 kynntist hann systursyni sínum sem sagði honum allt um fjölskylduna og hvað hafði orðið um móður hans. Þá frétti hann hver raunverulegur faðir hans var og að hann

ætti hálf systkini á lífi. Tók þetta allt mjög á hann, einkum nagaði það hann hvernig hann hafði komið fram við móður sína. Þjakaði það hann alla ævi.

Þó svo að hjónaband Edgars og Ivy hafði farið versnandi allt frá 1908 eignuðust þau barn árið 1916, Michael Blair Wallace. Ekki dugði það til að bjarga hjónabandinu og þau skildu árið 1918. Það var þó í engum illindum og Ivy studdi Edgar alla tíð og lét hafa eftir sér að sökin væri ekki síður hennar en hans.

Í kjölfarið tók Wallace saman við einkaritari sinn, Violet King, sem var mun yngri en hann, eða jafngömul og dóttirin sem hann missti. Gengu þau í hjónaband árið 1921 og tveimur árum síðar eignuðust þau sitt eina barn, Penelope.

Eftir ofurlitla lægð var Edgar aftur kominn á skrið og farinn að skrifa sem aldrei fyrr. Segir sagan að hann hafi stundum náð að skrifa heila skáldsögu yfir helgi. Ólíkt flestum öðrum enskum höfundum sakamálasagna frá þessum tíma voru hetjur Wallace oft lögreglumenn en ekki einkaspæjarar og þó að hann notaði sömu hetjuna stundum oftast en einu sinni var það sjaldnar en hitt.

Árið 1926 varð Wallace fyrir öðru áfalli, en þá lést Ivy fyrirverandi eignkona hans úr brjóstakrabba. Þótt þau hefðu verið skilin í nokkurn tíma hafði alltaf verið gott á milli þeirra. Þá hafði hún alltaf stutt hann og hvatt hann til að skrifa.

En nú var Wallace orðinn nokkuð þekktur og með útkomu bókarinnar *The Ringer* má segja að hann hafi öðlast heimsfrægð. Á þessum tíma skrifaði hann einnig nokkur leikrit sem var vel tekið, auk þess sem hann skrifaði nokkuð reglulega greinar í blöð og tímarit.

Það var um þetta leyti sem hann fékk aftur áhuga á stjórnámálum. Árið 1931 bauð hann sig fram fyrir Frjálslynda flokkinn í Blackpool, en náði ekki kjöri. En nú fór heilsu hans að hraka, enda stundaði hann ekki beint heilsusamlegt líferni. Segir sagan að hann hafi drukkið um 20 bolla af dísætu tei á hverjum degi og reykt 4 pakka af sígarettum. Með versnandi heilsu fór hann að líka að verða erfiðari í umgengni. Hafði þetta áhrif á hjónabandið og einnig samband hans við börnin.

Í kjölfar kosninganna hélt hann til Hollywood þar sem hann fékk það verkefni að vinna með kvikmyndahandrit og gera handrit upp úr sögum. Eitt fyrsta verk hans þar var að færa sögu Arthurs Conans Doyles *Baskervillehundurinn* í kvikmyndabúning. Tókst það vonum fram og fleiri verk fylgdu í kjölfarið. Hann vonaðist líka eftir því að saga hans *The Four Just Men* yrði kvikmynduð.

Í Hollywood kynntist hann öðrum handritshöfundum, sem var enginn annar en hálfbróðir hans, Marriott Edgar.

Í desember árið 1931 var Wallace beðinn um að vinna að mynd sem kölluð var „górillumyndin“ fyrir leikstjóran Merian C. Cooper. Endaði sú vinna í handritinu að kvikmyndinni *King Kong* sem þó var ekki tekin upp fyrr en að honum látnum árið 1933.

Í Hollywood hrakaði heilsu hans enn meira og hann leitaði til læknis í janúar 1932. Fékk hann þá að vita að hann væri með sykursýki og taldi læknirinn það nánast kraftaverk að hann væri jafn heill og raun bar vitni og að sjón hans hefði ekki borið skaða af.

Við að fréttu hvað amaði að sér var eins og Wallace hreinlega gæfist upp og hann lést 7. febrúar 1932.

Eins og áður sagði nutu bækur Edgars gríðarlegra vinsælda og seldust í stórum upplögum. Það virtist þó aldrei duga til að losa hann við skuldahalann sem hafði fylgt honum alveg frá því hann var í Jóhannesarborg. Þegar dánarbú hans var gert upp kom í ljós að á því hvíldu miklar skuldir. Þurfti tvö ár til að greiða upp þær skuldir þrátt fyrir að bækur hans seldust gríðarlega.

Þó svo að sögur Edgars Wallace verði seint taldar með öndvegisbókmenntum þessa heims höfðu þær mikil áhrif á þróun sakamálasögunnar og munu ávallt eiga sinn fasta sess á þeirri hillu.